

Úrskurðarorð:

Framkvæmd úrskurðar fógetaréttar Austur-Skaftafellssýslu, sem kveðinn var upp þann 10. október 1985 um að fram næði að ganga krafa Marinu Chirazi um að henni yrði veitt umráð barnsins Alexanders Chirazi Örlygssonar með innsetningargerð, er frestað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1985.

Nr. 123/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Elmarí Vestmann Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fulltrúi bæjarfógeta á Seyðisfirði.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. maí 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. ágúst sl.

Samkvæmt uppdrætti, sem Helgi Sævar Helgason lögregluþjónn gerði af slysstað, voru um 40 metrar frá þeim stað, þar sem bifreiðin hafði farið út af veginum, þangað sem hún lá eftir slysið. Samkvæmt því og að öðru leyti með skirskotun til raka héraðsdóms þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni of hratt og ógætilega miðað við aðstæður. Varðar það við 1. og 2. mgr. og í lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þar sem mannsbani hlaut af ógætilegum akstri ákærða, hefur hann einnið unnið til

refsingar skv. 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með því að hafa fleiri farþega í bifreiðinni en leyfilegt var hefur ákærði brotið gegn 2. mgr. 17. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt og vararefsing sektar 40 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu með þeirri athugasemd, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í 122 daga, síðan samkvæmt dómi frá 11. febrúar til 20. júlí 1983, eða 159 daga, og nú hefur hann verið sviptur ökuleyfinu síðan héraðsdómur var birtur honum 17. apríl sl., eða 202 daga. Hefur hann þannig þegar verið sviptur ökuleyfinu 483 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson, greiði 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu er stafest, en ákærði hefur nú verið sviptur ökuleyfi í sambandi við mál þetta í alls 483 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði ók um fjallveg í hálku með 6 farþega í bifreið, sem aðeins var skráð fyrir 4 farþega. Bifreiðin stöðvaðist þó ekki fyrr en í stór-

grýtisurð um 40 metra frá þeim stað, þar sem hún fór út af veginum. Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um, að atferli ákærða varði við þau refsíákvæði, sem í dómsákvæði þeirra greinir, en tel refsingu hans hæfilega ákveðna með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga varðhald í 45 daga.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómi meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 17. júlí 1984.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara, dagsettu 4. janúar 1980, á hendur Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni sjómanni, Langatanga 2, Seyðisfirði, fæddum 9. mars 1960 á Seyðisfirði.

Hinn 28. desember 1982 var kveðinn upp dómur í sakadómi Seyðisfjarðar í máli þessu, en hann ómerktur með dómi Hæstaréttar 14. júní 1983.

Samkvæmt ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa „sunnudaginn 16. september 1979, ekið bifreiðinni S-1394 frá Egilsstöðum áleiðis til Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði með 6 farþega, þótt hún væri aðeins gerð til þess að flytja 4 farþega, og hafa, er hann ók eftir veginum skammt austan Heiðarvatns þar á heiðinni með allt að 60 kílómetra hraða, í hálku og ísingu, eigi gætt nægilegrar varúðar við aksturinn með þeim afleiðingum, að þegar ákærði ók í snjóskafi á veginum, missti hann stjórn á bifreiðinni, hún rann út af honum og valt, Örn Helgi Ingólfsson, farþegi, fæddur 6. október 1955, hlaut innvortis meiðsl í kviðarholi og brjóstholi og lést fljótlega á slyssað og Þorvaldur Waagfjörð, farþegi, fæddur 3. júní 1952 hlaut rifja- og mjaðmagrindarbrot, rífið hægra lunga og heilablæðingar og lést af þessum meiðslum á sjúkraskýlinu á Egilsstöðum um kl. 15:00 þennan dag.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3-lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Málavextir eru þessir:

Kl. 13:10 sunnudaginn 16. september 1979 var lögreglunni á Seyðisfirði tilkynnt, að mjög alvarlegt umferðarslys hefði orðið á veginum yfir Fjarð-

arheiði. Fóru lögregluþjónarnir Helgi Sævar Helgason og Bjarni Magnússon þegar á slysstaðinn, sem reyndist vera rétt austan við svokallaða Vatnsvík út úr Heiðarvatni. Þarna hafði bifreiðinni S-1394, sem er jeppi af gerðinni Chevrolet Blazer, árgerð 1976, verið ekið út af veginum, og hafði hún oltið eina eða fleiri veltur, áður en hún stöðvaðist. Tveir menn með miklum áverkum lágu skammt frá bifreiðinni, og úrskurðaði lækni, sem kom á staðinn rétt á eftir lögreglunni, að annar þeirra, Örn Helgi Ingólfsson, f. 7.10.1955, til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, væri látinn. Hinn maðurinn, sem var slasaður, Þorvaldur Waagfjörð, f. 3.6. 1952, Hafsteinsvegi 34, Vestmannaeyjum, var þegar fluttur á sjúkraskýlið á Egilsstöðum, en lést skömmu eftir að þangað kom. Báðir þessir menn reyndust hafa verið farþegar í bifreiðinni S-1394.

Í ljós kom, að ökumaður bifreiðarinnar S-1394, þegar slysið varð, hafði verið ákærði í máli þessu. Farþegar höfðu verið alls sex, þ.e. þeir tveir, sem létust, faðir ákærða, Guðmundur Vestmann Ottósson, f. 6.10. 1935, Langatanga 2, Seyðisfirði, Bjarni Ólafsson, f. 9.1. 1935, Skerjabraut 9, Seltjarnarnesi, Hilmar Reynisson, f. 13.12. 1961, Suðurgötu 2, Seyðisfirði, og Sigurjón Þór Hafsteinsson, f. 1.5. 1958, Túngötu 15, Seyðisfirði.

Ekki munu aðrir af þeim, sem í bifreiðinni S-1394 voru en þeir sem létust, hafa slasast alvarlega. Ákærði fékk taugaáfall, fljótlega eftir að slysið varð, og var hann fluttur í sjúkrahúsið á Seyðisfirði.

Lögreglan á Seyðisfirði yfirheyrði þrjá farþega í bifreiðinni S-1394, þá Sigurjón Hafsteinsson, Hilmi Reynisson og Bjarna Ólafsson, þegar á slysdaginn.

Vitnið Sigurjón Hafsteinsson sjómaður skýrði svo frá, að hann hefði þá um morguninn komið með flugvél frá Reykjavík til Egilsstaða ásamt nokkrum skipsfélögum sínum af Gullveri NS-12. Sagði vitnið, að þegar lent hefði verið á Egilsstaðaflugvelli um kl. 12:15, hefði ákærði verið mættur þar til þess að sækja föður sinn, Guðmund Vestmann Ottósson, skipstjóra á Gullveri NS-12. Kvaðst vitnið hafa fengið far með ákærða, þar sem engin áætlunarferð hefði verið á Seyðisfjörð. Taldi vitnið, að slysið hefði orðið um kl. 13:00. Sagðist vitnið ekki hafa verið að horfa á veginn, en taldi, að bifreiðin hefði lent í snjóskafli og ákærði misst vald á henni við það. Aðspurt um hraða bifreiðarinnar þá áleit vitnið, að hann hefði verið ca. 50—60 km/klst.

Vitnið Hilmir Reynisson sagðist hafa fengið far með ákærða frá Egilsstaðaflugvelli til Seyðisfjarðar, vegna þess að engin áætlunarferð hefði verið þangað. Sagði vitnið, að slysið hefði orðið, þegar ekið hefði verið í ca. 20 mín. Kvaðst vitnið þá hafa verið að sofna og því ekki fylgst með akstrinum. Sagðist vitnið hafa rankað við sér, þegar bifreiðin fór að renna til. Hefði ákærði reynt að halda henni á veginum, en það ekki tekist, heldur

hefði hún oltið út af veginum. Kvaðst vitnið næst hafa vitað af sér, þegar bifreiðin liggur á hliðinni. Vitnið sagði, að eftir að þeir félagar hefðu lyft bifreiðinni ofan af Þorvaldi Waagfjörð, hefði það hlaupið inn að sæluhúsi, sem sé í ca. 2 km fjarlægð frá slysstað, og hringt þaðan í símsstöðina á Egilsstöðum eftir hjálp.

Vitnið Bjarni Ólafsson sagði, að slysið hefði orðið eftir ca. 20 mín. akstur frá flugvellinum á Egilsstöðum. Sagði vitnið, að bifreiðin hefði lent í snjóskafli og ákærði misst vald á henni við það. Þegar vitnið komst út úr bifreiðinni, sá það, að Þorvaldur Waagfjörð lá undir henni og Örn Helgi fyrir innan hana. Aðspurt um ökuhraða kvaðst vitnið halda, að hann hefði verið ca. 50—60 km/klst.

Ákærði og faðir hans voru yfirheyrðir um málið hjá rannsóknardeild lögreglustjóraembættisins í Reykjavík 19. september 1979.

Ákærði sagði, að um morguninn daginn, sem slysið varð, hefði hann ekið frá Seyðisfirði til Egilsstaða þeirra erinda að sækja föður sinn og fleiri menn, sem voru að koma með flugvél úr Reykjavík. Sagði hann, að efst á Fjarðarheiði hefði verið frost og snjófjúk, en ekki kvaðst hann hafa orðið var við hálku á veginu. Ákærði taldi, að hann hefði sennilega haldið aftur af stað frá flugvellinum um kl. 12:30 og hefði þá verið kominn skafrenningur á heiðinni og nokkurt frost. Aðspurður um ökuhraða kvaðst ákærði halda, að hann hefði verið nálægt 60 km. á klst. Þá kveðst hann ekki hafa orðið var hálku, fyrr en hann hefði misst vald á bifreiðinni. Sagði ákærði, að bifreiðin hefði lent á sveibunka og snúist til að aftan, hann reynt að ná stjórn á henni, en það ekki tekist, heldur hefði hann misst bifreiðina út af veginum. Ákærði sagðist nú hafa rotast, en þegar hann hefði komist aftur til meðvitundar, sat hann við stýrið. Er hann komst út úr bifreiðinni, sem lá á vinstri hlið, sá hann, að einn farþeginn lá meðvitundarlaus hjá bifreiðinni og voru fætur hans undir henni. Sagði ákærði að tekist hefði að losa hann. Var hlúð að honum svo og öðrum farþega, sem ákærði vissi að lá einhvers staðar fyrir aftan bifreiðina. Skömmu eftir að slysið varð, kvaðst ákærði hafa fengið taugaáfall og muni lítið, hvað gerðist eftir það. Aðspurður um, hvort ákærði teldi, að bilun í bifreiðinni hefði valdið slysinu, þá kvaðst hann telja, að svo væri ekki, heldur væri skýringin hálka á veginum og einnig gæti verið, að hvassviðrið hefði átt sinn þátt í því, að bifreiðin snerist.

Vitnið Guðmundur Vestmann Ottósson skipstjóri kvaðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar S-1394. Kvaðst vitnið ekki hafa verið að fylgjast með hraðamæli bifreiðarinnar fyrir slysið, en áætlaði hraðann 40—60 km/klst. Sagðist vitnið hafa tekið eftir því, að nokkru áður en slysið varð, hefði ákærði dregið úr hraða frá því, sem verið hefði. Varðandi færð þá taldi vitnið, að því hefði verst mjög hált á blettum, en engin hálka þess

á milli. Sagði vitnið, að slysið hefði orðið með þeim hætti, að það teldi, að bifreiðin hefði snúist ótrúlega snögg að aftan og svo lent út af veginum, Kvaðst vitnið ekki vita, hve margar veltur bifreiðin hefði oltið, þar sem það hefði strax misst meðvitund.

Ákærði kom fyrir dóm og staðfesti þar skýrslu þá, er hann gaf hjá lögreglu. Skýrði hann frá tildrögum slyssins á sama hátt og í lögregluskýrslunni. Aðspurður taldi ákærði, að bifreiðin hefði oltið tvo og hálfan hring, er hún fór út af veginum. Ákærði kvaðst ekki vita, á hve mikilli ferð bifreiðin hefði verið, þegar slysið varð, en taldi, að hann hefði verið u.þ.b. 30 km/klst. Ákærði tók fram, að hann myndi ekki eftir að hafa ekið í snjóskafi, þegar slysið varð.

Vitnið Sigurjón Þór Hafsteinsson staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu fyrir dómi. Skýrði vitnið þá svo frá, að sunnudaginn 16. september 1979 hefði það hitt fjóra skipsfélaga sína af Gullveri á Reykjavíkurlugvelli, þá Guðmund Vestmann Ottósson, Bjarna Ólafsson, Hilmi Reynisson og Örn Helga Ingólfsson. Tók vitnið fram, að Örn Helgi hefði verið nokkuð drukkin. Er þeir komu á Egilsstaðaflugvöll, kvaðst vitnið hafa hitt ákærða, sem vitnið hafði þekkt lengi, og ræddi við hann. Sagði vitnið, að ákærði hefði virst hress og vel haldinn. Vitnið fékk far með ákærða, og var bifreiðin þá orðin yfirfull af farþegum, svo vitnið varð að setjast á geymslukassa, sem er á milli stólanna frammi. Kvaðst vitnið hafa sest þar, án þess að mótbárur kæmu fram um það frá ákærða eða öðrum. Vitnið sagði, að einn maður til viðbótar hefði beðið um far, en honum verið neitað. Vitnið kvaðst hafa snúið baki í framrúðu bifreiðarinnar, og sátu þessir í aftursætinu séð frá vitninu: Þorvaldur Waagfjörð við gluggann vinstra megin, næstur honum Örn Helgi, þá Bjarni og Hilmir við gluggann hægra megin. Vitnið sagði, að er þeir hefðu verið komnir á háheiðina, hefði bifreiðin skyndilega byrjað að snúast. Kvaðst vitnið þá hafa litið á ákærða, sem var að hamast við að ná stjórn á bifreiðinni. Tókst það ekki, og sagðist vitnið muna skýrt eftir a.m.k. einni veltu, en rankaði svo við sér, er bifreiðin var stöðnuð. Kom nú í ljós, að bæði Þorvaldur og Örn Helgi voru mikið slasaðir og Þorvaldur fastur undir bifreiðinni, svo lyfta varð henni til þess að losa hann. Að sögn vitnisins missti ákærði alla stjórn á sér við að sjá þetta. Vitnið taldi, að ökuhraði bifreiðarinnar, þegar slysið varð, hefði ekki verið mikill, varla meiri en 50—60 km/klst. Tók vitni fram, að því hefði ekki þótt neitt athugasvert við akstur ákærða.

Vitnið Jón Karlsson, járníðnaðarmaður á Seyðisfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði komið á slystaðinn skömmu eftir að slysið varð. Að sögn vitnisins var þá búið að breiða yfir tvo menn þar á staðnum. Vitnið kvaðst hafa ekið þeim feðgum, ákærða og föður hans, á Seyðisfjörð, þar sem ákærði var búinn að fá taugaáfall. Vitnið sagðist aðspurt ekki hafa

fundði áfengislykt af ákærða né nokkur merki þess, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Vitnið Bjarni Magnússon, lögregluþjónn á Seyðisfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði farið á slysstaðinn ásamt Helga Sævari Helgasyni lögregluþjóni. Að sögn vitnisins var aðkoman ömurleg, bifreiðin S-1394 á hliðinni utan vegar, og hjá henni lágu tveir menn stórslasaðir. Sagði vitnið, að læknir, sem komið hefði á staðinn rétt á eftir vitninu, hefði þegar úrskurðað Örn Helga látinn, en hins vegar hefði verið lífsmark með Þorvaldi, og var hann fluttur til Egilsstaða. Að sögn vitnisins fóru þeir Helgi Sævar með þá Hilmi Reynisson, Sigurjón Hafsteinsson og Bjarna Ólafsson á sjúkrahúsið á Egilsstöðum, þar sem þeir gengu undir lækni-sköðun, en að því búnu voru þeir yfirheyrðir. Að yfirheyrslunni lokinni hefðu vitnið og Helgi Sævar svo farið aftur upp á Fjarðarheiði til að gera vettvangsuppdrátt og taka ljósmyndir. Vitnið sagði aðspurt um veður á slysstað, að það hefði verið hraglandi og skafið lítillaga, en úrkoma verið lítil. Einhver vindur hefði verið, en ekki kvaðst vitnið geta sagt til um hversu mikill. Vitnið sagði, að hálka hefði verið á veginum yfir Fjarðarheiði, en vegkantar auðir. Lítil snjór hefði verið og alls ekki snjóskafar. Aðspurt taldi vitnið, að bifreiðin S-1394 hefði fyrst endastungist út af veginum, en svo oltið a.m.k. eina veltu. Vitnið sagði, að einhver áfengislykt hefði verið í bifreiðinni S-1394 í greint sinn og hefðu trúlega einhverjir farþeganna verið undir áhrifum áfengis, en þó vildi vitnið alls ekki fullyrða neitt um það. Hins vegar taldi vitnið, að ákærði hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Vitnið sagði, að bifreiðaeftirlitsmaður hefði ekki skoðað bifreiðina S-1394 á slysstað.

Vitnið Óskar Friðriksson, hafnarvörður á Seyðisfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að daginn sem slysið varð, hefði það verið að sækja dóttur sína á Egilsstaðaflugvöll. Er það hefði verið að aka frá flugstöðinni, hefði bifreiðinni S-1394 verið ekið fram úr bifreið vitnisins. Taldi vitnið, að bifreiðinni hefði verið ekið mjög greitt, og sagðist það ekki hafa orðið vart við hana fyrr en á slysstað. Kvaðst vitnið hafa ekið beinustu leið í átt til Seyðisfjarðar og ekið frekar greitt upp á norðurbrún Fjarðarheiðar, en þá sagðist vitnið hafa orðið að draga úr hraða vegna hálkubletta, sem voru á veginum. Vitnið sagði, að þegar það hefði átt u.þ.b. 100—200 m ófarna að Vatnsvíkinni, hefði það mætt Hilmi Reynissyni, sem hljóp eftir veginum. Nam vitnið staðar hjá Hilmi, og sagði hann þá, að slys hefði orðið og hann þyrfti að komast í síma. Sagðist vitnið þegar hafa snúið við og ekið Hilmi að sæluhúsi nokkuð norðar á heiðinni og Hilmir hringt þaðan eftir aðstoð. Að því búnu sagðist vitnið hafa ekið að slysstaðnum, sem var rétt austan við Vatnsvíkina. Að sögn vitnisins kom lögreglan á slysstaðinn rétt á eftir vitninu, og hélt það þá áfram. Vitnið taldi, að þegar það hefði mætt Hilmi

Reynissyni, hefði það átt ca. 400 m ófarna að slysstaðnum. Vitnið sagði, að þegar það hefði verið að aka upp úr Vatnsvíkinni í greint sinn, hefði það veitt athygli förum eftir bifreið alveg á hægri brún vegarins og hefðu þau náð alveg upp á hæðarbrúnina fyrir austan Vatnsvíkina. Sagðist vitnið hafa tekið eftir þessu, vegna þess að á þessum stað hafði verið talsverð snjóföll, einkum á hægri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu vitnisins. Kvaðst vitnið álíta, að hjólför þessi hefðu verið eftir bifreiðina S-1394.

Vitnið Davíð Ómar Gunnarsson, lögregluþjónn á Seyðisfirði, staðfesti fyrir dómi uppdrátt vitnisins af vegarkafla meðfram Vatnsvíkinni á Fjarðarheiði, þar sem greint umferðarslys átti sér stað. Sagðist vitnið hafa gert uppdráttinn einhvern tímann á tímabilinu frá því haustið 1982 til vors 1983. Hefði það farið á vettvang og stikað vegalengdirnar, sem færðar eru inn á uppdráttinn. Sagðist það hafa sett hjólförin á teikninguna eftir minni, en það hefði komið á slysstað 16.09. 1979, er það hefði verið á leið til Seyðisfjarðar um kvöldmatarleytið og þá séð bifreið ákærða utan vegar. Sagði vitnið, að þá hefði verið mjög mikil hálka á veginum, en minnst ekki, að snjór hefði verið nema þá í vegköntum. Vitnið kvaðst ekki hafa verið lögregluþjónn á þessum tíma og ekki haft önnur afskipti af þessu máli en að útbúa greindan uppdrátt. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það gerði uppdráttinn í réttum hlutföllum né hver mælikvarðinn væri. Vitnið sagðist hafa orðið lögregluþjónn á Seyðisfirði í maí 1982 og gert einn vettvangsuppdrátt á undan þessum. Vitnið sagði, að það, sem væri merkt E á uppdrættinum, væri ekki merkt blindhæð, en þar sem vegurinn austan hæðarinnar sjáist ekki, þegar ekið sé upp brekkuna, merkt D, fyrr en komið sé ofarlega í hana, hefði það notað hugtakið blindhæð. Hins vegar sé þetta í rauninni brekkubrún og vegurinn austan hennar nánast láréttur.

Vitnið Helgi Sævar Helgason lögregluþjónn sagði fyrir dómi, að það hefði farið á vettvang, þegar slysið varð, ásamt Bjarna Magnússyni lögregluþjóni. Vitnið minnti, að bleytusnjór hefði verið niður í mitt fjall, en autt þar fyrir neðan. Taldi það, að u.þ.b. 5 cm snjólag hefði verið á veginum og hálka. Þó hefðu víða verið snjóskaflar á veginum, og minnti vitnið, að skafl hefði verið á brekkubrún, þar sem ákærði ók skömmu áður en bifreiðin fór út af veginum. Minnti vitnið að hjólför eftir bifreið ákærða hefðu bent til þess, að hann hefði misst vald á henni ofarlega í brekkunni eða á brekkubrúninni, en þarna sé smábeygja á veginum. Þó tók vitnið fram, að það myndi þetta óljóst. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði farið út af veginum norðan við veginn og legið á hliðinni eða á þakinu. Vitnið sagði, að farið hefði verið með þá, sem voru í bifreið ákærða, að undanskildum honum og föður hans í sjúkrahúsið á Egilsstöðum. Þar hefðu verið teknar framburðarskýrslur af þremur farþegum. Vitnið sagði, að slysið hefði fengið mikið á ákærða og því ekki verið hægt að yfirheyra hann um

slysið og hefðu hann og faðir hans farið til Reykjavíkur þá um kvöldið. Vitnið sagði, að á leiðinni frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar hefðu þeir Bjarni rannsaðað vettvang, tekið ljósmyndir og gert mælingu. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína, vettvangsupprátt og framburðarskýrslu vitna. Sagðist það ekki hafa haft tiltæka ritvél, þegar það yfirheyrði vitnin í sjúkrahúsinu á Egilsstöðum, heldur skráð framburð þeirra í minnisbók og vélritað skýrslurnar eftir henni. Sigurjón Þór Hafsteinsson hefði staðfest skýrslu sína eftir að hún hefði verið vélrituð, en hin vitnin, Hilmir Reynisson og Bjarni Ólafsson, farið til Reykjavíkur áður en tími vannst til að vélrita skýrslur þeirra. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði verið á mjög grófmynstruðum nýjum jeppadekkjum, en þar sem um jeppadekk hefði verið að ræða, hefði vitnið talið, að þau féllu undir hugtakið sumarhjólbarðar. Vitnið tók fram, að eftir að það kom á slysstaðinn, hefði það talið orsök útafakstursins vera þá, að ákærði hefði misst vald á bifreiðinni á brekkubrúnninni vegna snjódriftar, sem þar var. Sagði vitnið, að vegurinn hefði verið tvískiptur með akstursstefnumerkjum, en búið hefði verið að taka merki þessi niður fyrir september 1979.

Vitnið Bjarni Ólafsson sjómaður hefur komið fyrir dóm og staðfesti þar skýrslu sína fyrir lögreglu að öðru leyti en því, að vitnið kveðst ekki hafa setið við gluggann vinstra megin aftur í bifreiðinni, heldur vinstra megin fyrir miðju. Vitnið sagðist ekki hafa verið undir áfengisáhrifum. Taldi það, að ákærði hefði verið vel á sig kominn og akstur hans eðlilegur miðað við aðstæður.

Bifreiðin S-1394 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni 26. nóvember 1979, þar sem hún stóð í Reykjavík. Segir svo í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins, Sigþórs R. Steingrímssonar: „Við skoðun kom í ljós að bifreiðin var óökuhæf (sic). Hemlar og önnur stjórnþæki virtust eðlileg. Bifreiðin var búin grófmynstruðum hjólbörðum á öllum hjólum, nokkuð góðum.“

Í vottorði Veðurstofu Íslands varðandi veður á Seyðisfirði og Egilsstöðum 16. september 1979 segir, að kl. 09:00 hafi verið norðanátt, 3 vindstig á Seyðisfirði, hálfskýjað, skyggni 10 km, hiti 4,0°C. Kl. 15:00 hafi á sömu veðurathugunarstöð verið norðanátt, 4 vindstig, alskýjað, skyggni 2 km, hiti 5,0°C. Á Egilsstöðum var kl. 12:00 norðvestanátt, 4 vindstig, mesta veðurhæð milli athugana 4 vindstig, skýjað, skyggni 55 km, hiti 4,9°C. Kl. 15:00 var á sömu veðurathugunarstöð norðaustanátt, 4 vindstig, mesta veðurhæð milli athugana 4 vindstig, alskýjað, skyggni 30 km, hiti 3,8°C.

Lík hinna beggja látnu voru krufin, og hefur Bjarki Magnússon læknir gert skýrslur um krufningarnar. Í lok skýrslu hans um krufningu á líki Arnar Helga Ingólfssonar segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufninguna fundust margháttaðir innri brjóst- og kviðarholsáverk-

ar, sem valdið höfðu miklum blóðmissi inn í vinstra brjósthol og kviðarhol (sjá lýsingu að framan). Dánarorsök mannsins hefur verið lost vegna framangreindra áverka og blóðmissis. Maðurinn hefur verið mjög ölvaður er hann lést.“

Í niðurlagi skýrslu Bjarka um krufningu á líki Þorvaldar Waagfjörð segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufningu fundust margháttaðir áverkar (sjá lýsingu að framan), m.a. rifja- og mjaðmargrindarbrot, rifið hægra lunga er orsakað hafði pneumothorax hægra megin, blæðing undir heilahimnum og heilamar auk verulegra blæðinga inn í retroperitoneal vefi. Dánarorsök mannsins hefur verið pneumothorax og lost vegna framangreindra áverka samfara blóðmissi.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 18.10. 1983, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1976 10/4 í Vestm.eyjum: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfl.
 1976 10/11 á Seyðisf: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 14-8-1976.
 1977 19/8 á Seyðisf: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 244. gr. sbr. 256. gr. hgl., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. umfl. og 21. gr. áfl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
 1979 5/2 í Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. 1. nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl.
 1981 24/6 á Neskest.: Sátt, 200 kr. sekt f. brot g. 5. mgr. 45. gr. umfl.
 1982 28/12 á Seyðisf.: Dómur: 20.000 kr. sekt f. brot g. 215. gr. hgl., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og i lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 2 ár að fráðregnum 4 mán. frá 11/2'83.
 1983 14/6 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli frá 28.12.1982: Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Telja verður sannað, að orsök þess, að ákærði missti bifreiðina S-1394 út af veginum, hafi verið of hraður og ógætilegur akstur miðað við aðstæður. Samkvæmt gögnum málsins var hálka á veginum yfir Fjarðarheiði, þegar slysið varð, töluverður vindur og einhver snjór, þar sem ákærði

missti vald á bifreiðinni. Þá var ákærði að aka yfir hæðarbrún. Hefur ekkert komið fram um það, að óvænt bilun í bifreiðinni eða aðrar sambærilegar ástæður hafi valdið slysinu.

Þá er upplýst, að ákærði ók með 6 farþega í bifreiðinni S-1394, þótt hún væri aðeins gerð til að flytja 4 farþega.

Með þessu atferli sínu þykir ákærði hafa brotið gegn þeim refsiaðkvæðum, er greinir í ákæru.

Með framangreindri háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 32.000 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér til þess að vera sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins að telja að frádregnum 120 dögum, sem ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða á árinu 1980, og 160 dögum, sem ákærði var sviptur ökuréttindum með dómi á árinu 1983.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 11.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson, greiði 32.000 króna sekt til ríkissjóðs inna 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 120 dögum, sem ákærði hefur verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og 160 dögum, sem ákærði hefur verið sviptur ökuréttindum með dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 11.000,00.